

Hulda Kristjánsdóttir

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: fimmtudagur, 16. maí 2024 14:13
To: Bjarni Guðmundsson
Subject: Farsældarráð á Suðurlandi ... erindi til afgreiðslu í sveitarstjórn ...
Attachments: Samhæfð svæðaskipan farsældarráð - næstu skref 30 04 2024.pdf

Ágætur bæjar- og sveitarstjórar.

Undanfarið hefur verið mikil umræða um vinnu við skipulag og samstarf sveitarfélaga að farsæld barna og þá á landshlutavísu. Ráðuneyti mennta- og barnamála skipaði í lok síðasta árs spretthóp til að vinna tillögu að útfærslu á starfsemi farsældarráða barna sem setja á á laggirnar samkvæmt 5. gr. farsældarlaga. Hugmyndin er að stofnað verði farsældarráð í hverjum landshluta. Í tengslum við þetta hefur ráðuneytið lýst yfir vilja sínum til að **gerður verði viðaukasamningur við sóknaráætlanir landshluta um að landshlutasamtökin fái fjárhagslega stuðning til þess að ráða verkefnastjóra í tvö ár til þess að útfæra starfsemi farsældarráða og þá í nánú samráði við aðildarsveitarfélögin.**

Á stjórnarfundum SASS 10. maí sl. var farið yfir niðurstöður starfshópsins en tillaga er um að næstu skref í verkefninu felist í eftirfarandi:

1. SASS hafi samband við sveitarfélögin í landshlutanum og sækji til þeirra umboð til að gera viðaukasamning undir merkjum sóknaráætlunar við mennta- og barnamálaráðuneytið.

SASS sendi staðfestingu til ráðuneytisins um áhuga sveitarfélaganna til þátttöku. Auk þess verði send gróf lýsing á því hvernig samtökin sjá fyrir sér að verkefnið sé unnið, t.a.m. tímalínu, rökstuðning fyrir hálfu eða heilu stöðugildi, umfangi og verklagi.

3. Viðaukasamningur verður í framhaldi gerður við sóknaráætlun landshlutans Suðurlands þar sem verkefnið er útfært nánar.

Að þessu loknu er samningurinn útfærður í samráði við SASS og með mögulegri undirritun fyrir lok mánaðarins, auglýst yrði fljótlega eftir verkefnisstjóra, verði þetta samþykkt, sem geti hafist handa með haustinu.

Stjórn SASS telur mikilvægt að unnið sé þvert á landshlutann að samhæfingu með farsæld barna að leiðarljósi og því var ákveðið að kalla eftir afstöðu sveitarfélaganna og fá umboði þeirra. Áréttað er að fjármunir fylgja samningnum og að hann felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin en er fyrst og fremst yfirlýsing um að þau vilji eiga með sér samstarf um útfærslu á farsældarráði á Suðurlandi og skoðuð verði tækifæri til samstarfs í þessu verkefni.

Vinsamlegast takið erindið fyrir í sveitarstjórn.

Sjá í viðhengi nánari uppl. um niðurstöður starfshópsins.

Bestu kveðjur,

Bjarni



Bjarni Guðmundsson
framkvæmdastjóri

SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56

29. apríl 2024



Innleiðing svæðisbundinna farsældarráða

Farið yfir næstu skref með framkvæmdastjórum
landshlutasamtaka og sambandinu 30. apríl 2024

Í spretthópi áttu þessir fulltrúar: *Samband ísl. sveitarfélaga Barna- og fjölskyldustofa, Byggðastofnun, Félag Íþróttta-, æskulýðs- og tólmundafulltrúa, Félag stjórnenda í velferðarþjónustu, Grunnur, félag stjórnenda á fræðsluskrifstofum, innviðaráðuneytið, ÍSÍ, landshlutasamtök sveitarfélaga, og UMFÍ auk mennta- og barnamálaráðuneytis.*


Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið




Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

Svæðaskiptingar


Félagamálastjórar 2018




Hellbrigðisumdæmi í júní 2017




Lögregluumdæmi lögregluafjóra í febrúar 2018



Þjónustusvæði fatlaðs fólks 2021




Landshlutar




Stjórnsýsluumdæmi sýslumanna í mars 2019



Íþróttahéruð



Umdæmaskipting héraðsdómstóla í febrúar 2018





Samræmd skipting stjórnsýslunnar

-skýrsla starfshóps til forsætisráðherra ágúst 2021-

Öll ráðuneyti (- utanr.rn.) auk sambandsins áttu fulltrúa

Þrjú valkostir

1. Allir opinberir aðilar birti upplýsingar og vinni gögn samkvæmt landshlutaskiptingu sveitarfélaga og sóknaráætlana.
2. Engin breyting á opinberri skiptingu landsins lögð til en notkun staðfanga og reitakerfa hraðað verulega.
3. Ein samhæfð skipting landsins samkvæmt landshlutaskiptingu sveitarfélaga og sóknaráætlana.



Farsældarlögin frá 2021 – í innleiðingu um land allt

5. gr.

Svæðisbundin farsældarráð.

Sveitarfélög skipa svæðisbundin farsældarráð sem eru vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga. Ráðið skal hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði. Svæðisbundin farsældarráð skulu vinna áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings.

- Verkefni ríkislögreglustjóra um „Öruggari landshluta“, sem felur í sér svæðisbundið samráð um ofbeldis- og afbrotavarnir, er gott dæmi um slíka svæðisbundna forgangsröðun en það er leitt af ríkislögreglustjóra.
- Annað dæmi gæti t.a.m. varðað áherslur nýrra, landshlutabundinna starfsmanna ÍSÍ og UMFÍ á aukna íþróttapátttöku barna af erlendum uppruna, barna með fötlun og barna af efnaminni heimilum.
- Þriðja dæmi gæti veri sérstakt fyrir þennan landshluta óháð því sem annars staðar er að gerast eða jafnvel milli svf. í sama landshlutanum.
- O.s.frv.



Bréf frá landshlutasamtökum 19. mars 2024

„Með þessu erindi vilja framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna hvetja ráðherra til að skoða aðkomu mennta- og barnamálaráðuneytis að nýjum Sóknaráætlanasamningum og tryggja þannig enn frekari framgang verkefna sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, ekki hvað síst á svið farsældar og menntunar.“


Bréf frá Vestfjarðastofu 4. apríl 2024

„Öll þau verkefni og aðgerðir sem nefndar eru hér fyrir ofan tengjast málefnum og farsæld barna á Vestfjörðum með einum eða öðrum hætti og því mikilvægt að nýta það samstarf sem byrjað er að koma á og halda áfram til að samræma þjónustu við börn og ungmenni á svæðinu...Lagt er til að Sóknaráætlun Vestfjarða verði eflað með fjármagni til að mæta þessari brýnu þörf á næsta tímabili Sóknaráætlunar 2025-2029...“



Niðurstaða

- Mennta- og barnamálaráðuneytið mun gera viðaukasamning við sóknaráætlanir til tveggja ára vegna fjármögnunar innleiðingar svæðisbundinna farsældarráða. Forsendur samnings er að samþykki allra svf. liggja fyrir og umboð lhs. skýrt.
- Samningur felur í sér heimild til þess að ráða í ½-1 stöðu verkefnisstjóra í hvern landshluta eftir umfangi verkefna skv. lýsingu frá landshlutasamtökum. Gert er ráð fyrir einu farsældarráði í hverjum landshluta en ekki útilokað að þau gætu orðið fleiri.
- Möguleikar á að sækja um viðbótarfjármagn til einstakra verkefna í sjóði mennta- og barnamálaráðuneytis, eftir atvikum.
- Unnið er að útfærslu viðmiða og árangursmælikvarða vegna þátttöku svf./landshluta.
- Meginmarkmið samnings verður fyrsti fundur svæðisbundins farsældarráðs þar sem mótuð verður áætlun um forgangsröðun aðgerða um farsæld barna innan landshlutans til næstu fjögurra ára skv. 5. gr. farsældarlaga.
- Skipuð verður verkefnisstjórn samhæfingar (sjá mynd á næstu glæru) með aðkomu fulltrúa mennta- og barnamálaráðuneytis, BOFS, sambandsins og landshlutasamtaka (fleiri?) Skoða þarf samlegð með starfslýsingum [nýrra starfsmanna á svæðisskrifstofum ÍSÍ/UMFÍ](#)



Þátttaka felur m.a. í sér að:

- efla og samhæfa þjónustu í landshlutanum með því að þróa virkt samstarfsnet fagaðila og samstillingu innan og milli þeirra sem starfa að farsæld barna í hverju svf. bæði þjónustuveitenda ríkis og svf. og almennra þjónustuveitenda skv. Farsældarlögum
- koma á fót svæðisbundnu farsældarráði, boða til fundar og hefja vinnu við fjögurra ára áætlun um forgangsröðun verkefna í þágu farsældar barna
- koma á tengslum milli starfsmanna nýrra starfsstöðva ÍSÍ/UMFÍ í landshlutanum við aðra lykilaðila í starfi með börnum svo markmið þeirra nái fram að ganga, (að ná sérstaklega til barna í viðkvæmri stöðu)
- ...fleira?
- skapa yfirsýn með kortlagningu starfsemi í hverju svf. (farsældin) er varðar börn, sbr. skóla- og félagsþjónusta, frístundaheimili, daggæsla, barnavernd, forvarnir, heilsugæsla, löggæsla, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarf, frístundabíll, félagsmiðstöðvar, ungmennahús o.fl=> kortlagning landshlutans getur dregið fram ólíkar áherslur og ólíka stöðu í svf.